

**Um launaþróun kjörinna fulltrúa**

Kjararáð úrskurðaði síðastliðinn laugardag um hækkun á launum forseta Íslands, þingfarakaupi alþingismanna og launum ráðherra. Þingfararkaup alþingismanna hækkaði samkvæmt úrskurðinum um 44% og nemur nú 1.101.194 krónum á mánuði. Laun ráðherra hækka um 36% og nema laun forsætisráðherra nú 2.021.825 kr. og annarra ráðherra 1.826.273 kr. og laun forseta Íslands hækka samkvæmt úrskurðinum um 20% og nema nú 2.985.000 kr. Þessar hækkanir koma til viðbótar 7,2% launahækkun sem kjararáð úrskurðaði þann 1.júní sl. sem þýðir að þingfararkaup hefur síðastliðið ár hækkað um 55%, ráðherra um 46% og forseta Íslands um 29%.



Ef skoðuð er launaþróun þessa hóps frá því í mars 2013, til samræmis við SALEK samkomulagið sem byggði á sameiginlegri launastefnu um 32% hækkun launa á tímabilinu frá nóvember 2013 til ársloka 2018, má sjá að þingfararkaup hefur frá árinu 2013 hækkað um 471.000 krónur eða um 75%, laun forsætisráðherra hafa hækkað um 790.733 krónur, eða 64% og laun annarra ráðherra um 713.667 krónur sem einnig er 64% hækkun. Mánaðarlaun forseta Íslands hafa á sama tímabili hækkað um 936.771 krónu eða 46%. Til samanburðar hefur launavísitalan, sem gefur mynd af almennri launaþróun, hækkað um 29% frá því í mars 2013 og lægstu laun um 27%.

	Laun í krónum		Hækkun kr.	Hækkun %
	mars 2013	nóv 2016	2013-2016	2013-2016
<b>Forseti Íslands</b>	2.048.229	2.985.000	936.771	45,7%
<b>Þingfararkaup</b>	630.024	1.101.194	471.170	74,8%
<b>Forsætisráðherra</b>	1.231.092	2.021.825	790.733	64,2%
<b>Aðrir ráðherrar</b>	1.112.606	1.826.273	713.667	64,1%
<b>Dagvinnutekjutrygging</b>	207.000	260.000	56.000	27,5%
<b>Lægsti taxi</b>	191.752	244.517	52.765	27,5%
<b>Launavísitala</b>				28,9%

**Laun kjörinna fulltrúa í hlutfalli við lægstu laun (dagvinnutekjutryggingu)\***

	mars 2013	febrúar 2014	mars 2015	júní 2016	nóv 2016
Forseti Íslands	9,9	9,9	9,4	9,5	11,5
Þingfararkaup	3,0	3,0	2,9	2,9	4,2
Forsætisráðherra	5,9	5,9	5,7	5,7	7,8
Aðrir ráðherrar	5,4	5,4	5,1	5,2	7,0

\*Taflan sýnir laun ráðamanna sem fjölda launamanna á dagvinnutekjutryggingu



### Hækkun á launum ráðamanna og lægstu launum 2013-2016

